





Þekkingarnet
Þingeyinga

MANNFJÖLDAÞRÓUN Í ÞINGEYJARSÝSLUM

2015-2024



Maí 2024

Þekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Kynjaskipting íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins: Þekkingarnet Þingeyinga
Menntunarstig íbúa á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga: Þekkingarnet Þingeyinga

Ábyrgð/ritstjórn:
Óli Halldórsson

Framkvæmd:
Helena Eydís Ingólfsdóttir

ISBN 978-9935-405-72-2

EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
Sveitarfélög	2
Langanesbyggð	2
Norðurþing	5
Tjörneshreppur	8
Þingeyjarsveit	11
Starfssvæði þekkingarnets Þingeyinga í heild	14
Byggðakjarnar	17
Bakkafjörður	17
Þórshöfn	17
Raufarhöfn	18
Kópasker	18
Húsavík	19
Laugar	19
Reykjahlíð	20
Börn og íbúar á barneignaraldri	21
Helstu niðurstöður	25
Heimildir	29

INNGANGUR

Frá árinu 2007 hefur starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga tekið saman upplýsingar um mannfjöldapróun í einhverri mynd til birtingar. Fyrsta skýrslan náði eingöngu til Norðurlands en tveimur árum síðar var gefin út í fyrsta mannfjöldapróunarskýrslan sem náði til starfssvæðis hennar í heild sinni. Skýrsla yfir mannfjöldapróun á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga hefur komið út árlega frá árinu 2011 og er í stöðugri þróun. Það kemur til hvort tveggja vegna sameiningar sveitarfélaga sem átt hafa sér stað á svæðinu og að síðari ár hefur lokakafli skýrslunnar verið breytilegur og fjallað um tiltekna hópa s.s. yngri en 18 ára, íbúa á vinnualdri og 60 ára og eldri, menntunarstig, aðflutta og brottflutta. Allt er þetta gert til að fylgjast með byggðapróun, hvernig mannfjöldinn skiptist niður á svæði og hvernig aldurs- og kynjasamsetningin er.


Gögn skýrslunnar byggja á talnaefni frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem metinn er 1. janúar ár hvert. Við mat á mannfjölda við upphaf ársins 2024 voru gerðar breytingar á aðferðum Hagstofunnar. Í stað þess að áður var eingöngu miðað við skráningu lögheimila er nú jafnframt byggt á skattagögnum og nemendagögnum auk þjóðskrár. Niðurstaðan 1. janúar leiddi til þess að íbúar á landinu öllu voru við upphaf árs 15.245 færri en eldri aðferð gaf til kynna. Á starfssvæði Þekkingarnetsins voru íbúar 5.023 við upphaf árs 2023 en með eldri aðferð voru þeir 5.201 við upphaf árs 2023 miðað við. Í þessari skýrslu byggja öll gögn og framsetning þeirra á nýrri aðferð Hagstofunnar við mat á mannfjölda. Frekari skýringar á nýrri aðferð Hagstofunnar má finna í tilkynningu þeirra [hér](#).

Svæðið sem Þekkingarnetið starfar á er víðfeðmt. Það afmarkast af Vaðlaheiði í vestri og Bakkafirði í austri og er alls um 18 þúsund ferkílómetrar að stærð. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en annars skiptist svæðið í dreifbýli og nokkra minni byggðakjarna. Tölur um byggðakjarna eru byggðar á efni sem nær aftur til ársins 2015. Samantektin í ár er eins og á síðasta ári samantekt á þróun síðustu 10 ára. Að þessu sinni er í lokakafli skýrslunnar fjallað sérstaklega um tvo hópa, börn og unglinga og fólk á barneignaraldri. Þau gögn taka til 0-45 ára og er skipt upp í 0-18 ára og 19-45 ára. Okkur þótti áhugavert að skoða þessa tvo hópa sérstaklega þar sem fæðingartíðni er einn þeirra þátta sem hafa á þróun íbúafjölda.

Fyrri skýrslur um íbúapróun á svæðinu má nálgast á vefsíðu Þekkingarnetsins, www.hac.is, <https://hac.is/rannsoknir/utgefid-efni/>

SVEITARFÉLÖG


LANGANESBYGGÐ




Mynd 1. Íbúafjöldi í Langanesbyggð árin 2015-2024.



Mynd 2. Kynjaskipting í Langanesbyggð árin 2015-2024.




Mynd 3. Aldursdreifing í Langanesbyggð árin 2020 og 2024.




Mynd 4. Meðalaldur íbúa í Langanesbyggð í samanburði við landsmeðaltal.

Eftir að íbúum í Langanesbyggð fjölgaði á árunum 2021 tók þeim að fækka og hefur sú þróun haldið áfram. Íbúar í Langanesbyggð voru í upphafi árs 540. Kynjahlutföll eru frekar ójöfn í Langanesbyggð en um 55% íbúa eru karlar og 45% íbúa eru konur. Körlum fækkaði um 8 á milli ára en konum fækkaði um 11. Meðalaldur íbúa sem hefur á undanförunum 10 árum verið nálægt meðalaldri á landinu öllu hefur farið hækkandi á allra síðustu árum og dregið hefur í sundur á milli meðalaldurs íbúa í Langanesbyggð og á landinu öllu. Á tímabilinu sem mannfjöldapróunarskýrsla þessi nær til hefur meðalaldur íbúa í Langanesbyggð hækkað úr 36,7 árum í 40,9 ár, og er nú um tveimur árum hærri en á landinu öllu. Þegar aldursdreifing var borin saman fyrir árin 2020 og 2024 kom í ljós að línuleg leitni karla er lítið breytt, en á henni má sjá vísbendingar um hækkandi aldur karla. Sömu sögu er að segja af línulegri leitni kvenna, sem gefur til kynna að aldur kvenna fari hækkandi í samfélaginu.


NORÐURÞING




Mynd 5. Íbúafjöldi í Norðurþingi árin 2015-2024.



Mynd 6. Kynjaskipting í Norðurþingi árin 2015-2024.




Mynd 7. Aldursdreifing í Norðurþingi árin 2020 og 2024.




Mynd 8. Meðalaldur í Norðurþingi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Norðurþingi fjölgaði um 18 á milli áranna 2023 og 2024 og heldur íbúafjöldinn áfram að nálgast þann fjölda sem var í sveitarfélaginu á meðan framkvæmdir á Bakka og Þeistareykjum stóðu sem hæst. Á milli áranna 2023 og 2024 fjölgaði körlum um 11 og konum um 7. Hlutfallsleg fjölgun kvenna var um 1% meiri en karla. Alls eru karlar 52,7% íbúa og konur 47,2%. Meðalaldur íbúa í Norðurþingi er 38,2 ár. Meðalaldurinn lækkar á milli ára og er nú lægri en á landinu öllu. Línuleg leitni hvort tveggja karla og kvenna er því sem næst eins á milli áranna 2020 og 2024 þó má greina vísbendingar um annars vegar fjölgun og hins vegar lækkandi aldur íbúa. Þegar litið var á aldursdreifingu kom í ljós að aldursdreifing kvenna var sambærileg árið 2020 og 2024 ef frá eru taldir aldurshóparnir 20-29 ára sem eru fámennari 2024 og 30-34 ára sem eru fjölmennari 2024. Í 0-9 ára aldurshópnum eru fleiri karlkyns nú en voru árið 2020 og sama má segja um aldurshópina frá 30-44 ára.


TJÖRNESHREPPUR




Mynd 9. Íbúafjöldi í Tjörneshreppi árin 2015-2024.



Mynd 10. Kynjaskipting íbúa í Tjörneshreppi árin 2015-2024.




Mynd 11. Aldursdreifing í Tjörneshreppi árin 2020 og 2024.




Mynd 12. Meðalaldur í Tjörneshreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Tjörneshreppi fækkaði um fjóra á milli áranna 2023 og 2024 og eru 52 talsins. Konur eru tveimur fleiri en karlar eða 27 á móti 25 körlum. Meðalaldur í Tjörneshreppi hækkaði úr 55,7 í 56,3 ár og er nú 17,5 árum hærri en meðalaldur íbúa á Íslandi. Meðalaldur íbúa í sveitarfélögum á starfssvæði Þekkingarnetsins er hvergi hærri en í Tjörneshreppi. Aldursdreifing er mjög ójöfn og erfitt er að draga ályktanir út frá henni vegna fámennis í sveitarfélaginu. Það vekur þó eftirtekt þegar íbúapróun í Tjörneshreppi er skoðuð að hvorki framkvæmdir á Bakka og Þeistareykjum né starfsemi sem byggst hefur upp í kjölfarið á hvorum stað fyrir sig virðist hafa haft áhrif á íbúapróun í Tjörneshreppi.


ÞINGEYJARSVEIT




Mynd 13. Íbúafjöldi í Þingeyjarsveit árin 2015-2024.



Mynd 14. Kynjaskipting í Þingeyjarsveit árin 2015-2024.




Mynd 15. Aldursdreifing í Þingeyjarsveit árin 2020 og 2024.




Mynd 16. Meðalaldur íbúa í Pingeyjarsveit í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Pingeyjarsveit fjölgaði á milli ára úr 1.345 í 1.410 eða um 65 íbúa. Íbúar eru nú því sem næst jafn margir og þeir voru á meðan á framkvæmdum stóð við Þeistareykjavirkjun. Fjölgunin nemur 4,8% á milli áranna 2023 og 2024. Konum fjölgaði hlutfallslega meira en körlum og hefur kynjahlutfallið ekki verið jafnara á því tímabili sem hér er til skoðunar. Karlar eru nú 51,3% en konur eru 48,7%. Línuleg leitni karla og kvenna bendir til fjölgunar og að fjölgun eigi sér stað í yngri aldurshópunum þegar árin 2020 og 2024 eru borin saman. Meðalaldur íbúa í Pingeyjarsveit lækkar áfram og er nú 41,7 ár samanborið við 38,8 ár á landinu öllu og 42,2 ár árið 2024. Meðalaldurinn er nú áþekkur því sem var við upphaf heimsfaraldursins vegna COVID-19.


STARFSSVÆÐI ÞEKINGARNETS ÞINGEYINGA Í HEILD




Mynd 17. Heildaríbúafjöldi á starfssvæði þekkingarnets þingeyinga árin 2015-2024.



Mynd 18. Kynjaskipting íbúa á starfssvæði þekkingarnetsins á árunum 2015-2024.



Mynd 19. Samantekt á aldursdreifingu á öllu svæðinu árin 2020 og 2024.




Mynd 20. Meðalaldur íbúa í Þingeyjarsýslu í samanburði við landsmeðaltal.

Þegar svæðið var skoðað í heild sinni kom í ljós að íbúum fjölgaði um 2,9% á milli ára. Hvort tveggja körlum og konum fjölgar en konum þó örlítið meira. Körlum fjölgaði um 28 en konum um 32. Hlutfall kvenna var 47,5% á móti 52,5% hjá körlum. Meðalaldur er 41,3 ár eins og á árinu 2023 og hefur ekki verið hærri á þeim tíma sem hér er skoðaður. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að bæði karlar og konur á aldrinum 30-44 ára eru töluvert fleiri árið 2024 en var árið 2020. Karlar á aldrinum 20-29 ára og 45-64 ára eru færri 2024 en 2020. Línuleg leitni kynja- og aldursdreifingar er gefur til kynna fjölgun hjá báðum kynjum og vísbendingar um að hún sé í yngri aldurshópum hjá konum.


BYGGÐAKJARNAR

Bakkafjörður




Mynd 21. Íbúafjöldi á Bakkafirði árin 2015-2024.

Þórshöfn




Mynd 22. Mannfjöldi á Þórshöfn árin 2015-2024.

Raufarhöfn




Mynd 23. Mannfjöldi á Raufarhöfn árin 2015-2024.

Kópasker




Mynd 24. Mannfjöldi á Kópaskeri árin 2015-2024.

Húsavík




Mynd 25. Mannfjöldi á Húsavík árin 2015-2024.

Laugar




Mynd 26. Mannfjöldi á Laugum árin 2015-2024.

Reykjahlíð




Mynd 27. Mannfjöldi í Reykjavíki árin 2015-2024.


BÖRN OG ÍBÚAR Á BARNEIGNARALDRI




Mynd 28. Hlutfall íbúa á aldrinum 0-18 ára og 19-45 ára á starfssvæði þekkingarnets þingeyinga 2005-2024.




Mynd 29. Hlutfall íbúa á aldrinum 0-18 ára og 19-45 ára á Íslandi 2005-2024.




Mynd 30. Fjöldi barna og unglinga, kvenna og fólks á barneignaraldri í Langanesbyggð 2005-2024.




Mynd 31. Fjöldi barna og unglinga, kvenna og allra á barneignaraldri í Norðurþingi 2005-2024.



Mynd 32. Fjöldi barna og unglinga, kvenna og allra á barneignaraldri í Tjörneshreppi 2005-2024.



Mynd 33. Fjöldi barna og unglinga, kvenna og allra á barneignaraldri í Þingeyjarsveit 2005-2024.



Mynd 34. Fjöldi barna og unglinga, kvenna og allra á barneignaraldri á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga 2005-2024

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í **Langesbyggð** fækkaði íbúum um 3,4% á milli áranna 2023 og 2024. Kynjahlutföll eru frekar ójöfn í Langesbyggð þar sem 54,8% íbúa eru karlar og 45,2% íbúa eru konur. Meðalaldur íbúa var 40,9 ár og er nú 2,1 ári yfir landsmeðaltali. Þegar aldursdreifing var borin saman á milli áranna 2020 og 2024 kom í ljós að línuleg leitni karla og kvenna er lítið breytt, en gefur helst til kynna hækkandi aldur íbúa.

Íbúum í **Norðurþingi** fjölgaði um 18 á milli áranna 2023 og 2024 og nemur fjölgunin 0,59%. Hlutfallsleg fjölgun kvenna var um 1% meiri en karla. Kynjahlutföllin eru nú 47,2% konur og 52,8% karlar. Meðalaldur íbúa í Norðurþingi er 38,2 ár eða 0,6 árum undir landsmeðaltali. Línuleg leitni hvort tveggja karla og kvenna er því sem næst eins á milli áranna 2020 og 2024 þó má greina vísbendingar um annars vegar fjölgun og hins vegar lækkandi aldur íbúa. Þegar lítið var á aldursdreifingu kom í ljós að aldursdreifing kvenna var sambærileg árið 2020 og 2024 ef frá eru taldir aldurshóparnir 20-29 ára sem eru fámennari 2024 og 30-34 ára sem eru fjölmennari 2024. Í 0-9 ára aldurshópnum eru fleiri karlkyns nú en voru árið 2020 og sama má segja um aldurshópana frá 30-44 ára.

Í **Tjörneshreppi** fækkaði um fjóra íbúa á milli áranna 2023 og 2024 og eru þeir nú 52 og hafa ekki verið færri frá því að þekkingarnetið hóf að fylgjast með mannfjöldaþróun á svæðinu. Konur eru tveimur fleiri en karlar. Meðalaldur hækkaði úr 55,7 árum í 56,3 ár og er hvergi hærri á starfssvæði þekkingarnetsins en í Tjörneshreppi. Vegna fámennis sveitarfélagsins er ekki hægt að draga ályktanir út frá mannfjöldapíramída um aldursdreifingu.

Íbúum **Þingeyjarsveitar** fjölgaði um 65 íbúa, úr 1345 í 1410. Þeir eru nú næstum jafn margir og þeir voru á meðan á framkvæmdum stóð við Þeistareykjavirkjun. Kynjahlutföll eru jöfnust í Þingeyjarsveit af sveitarfélögunum á starfssvæði þekkingarnetsins en karlar eru nú 51,3% og konur 48,7% íbúa í sveitarfélaginu. Línuleg leitni karla og kvenna bendir til áþekkrar stöðu og var árið 2019 í þróun aldurs og kynjahlutfalls. Meðalaldur íbúa lækkar á milli ára úr 42,2 árum í 41,7 ár og er nú 2,9 árum hærri en á landinu öllu. Meðalaldur íbúa í Þingeyjarsveit er á áþekktum stað og var áður en framkvæmdir hófust á Þeistareykjum. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að bæði karlar og konur á aldrinum 30-34 ára eru fleiri árið 2024 en var árið 2020. Eldri aldurshóparnir eru álíka fjölmennir og þeir voru árið 2020 að undanskyldum hópi karla á aldrinum 60-64 ára sem er fámennari, hópi karla á aldrinum 65-69 ára sem er töluvert fjölmennari og konur 60 ára og eldri eru aðeins fleiri í öllum aldurshópum árið 2024 en þær

voru árið 2020. Línuleg leitni kynja- og aldursdreifingar er því sem næst óbreytt á milli áranna 2020 og 2024.

Þegar **svæðið í heild** sinni var skoðað kom í ljós að íbúum fjölgaði um 1,19% á milli ára. Hvort tveggja körlum og konum fjölgar. Körlum fjölgaði um 28 en konum um 32. Hlutfall kvenna var 47,5% á móti 52,5% hjá körlum samanborið við konur 47,4% á móti 52,6% hjá körlum á árinu 2023. Meðalaldur er óbreyttur á milli ára, 41,3 ár samanborið við 38,8 ár á landinu öllu. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að bæði karlar og konur á aldrinum 30-44 ára eru töluvert fleiri árið 2024 en var árið 2020. Karlar á aldrinum 20-29 ára og 50-64 ára eru færri 2024 en 2020. Línuleg leitni gefur til kynna fjölgun hjá báðum kynjum.

Byggðakjarnar

Niðurstöður um fjölda íbúa í byggðakjörnum á svæðinu sýnir að íbúum fækkar í þremur byggðakjörnum af sjö. Á **Bakkafirði** hefur íbúum fækkað jafnt og þétt frá árinu 2015 ef frá eru talin árin 2021 og 2023. Neikvæð íbúaþróun heldur áfram á árinu 2024 þegar fækkar úr 59 í 55 íbúa milli áranna 2023 og 2024. Íbúum á **Þórshöfn** fækkaði á milli áranna 2023 og 2024 um 14 manns. Íbúar á Þórshöfn hafa mest verið 366 árið 2022 á því 10 ára tímabili sem horft er til í þessari skýrslu og aðeins einu sinni verið færri en við upphaf árs 2024, en það var árið 2017 þegar íbúar voru 342. Á **Raufarhöfn** fjölgaði íbúum um einn á milli áranna 2023 og 2024 og eru nú 183 eða jafn margir og þeir voru árið 2016. Þetta er mestur fjöldi íbúa sem verið hefur á Raufarhöfn á því tímabili sem samantekt skýrslunnar nær yfir. Á undanförunum 10 árum hefur íbúafjöldi á Raufarhöfn sveiflast til um sem nemur um 27 íbúa frá því sem fjölmennast og fámennast hefur verið. Á **Kópaskeri** fækkaði um þrjá íbúa. Íbúar á Kópaskeri hafa verið frá 106 upp í 123 á tímabilinu frá 2015-2024. Fæstir voru þeir árið 2017 en flestir árið 2021. Íbúum á **Húsavík** fjölgaði um 6 manns á milli ára og er íbúafjöldinn nú 2.449 manns en svo fjölmennt hefur ekki verið á Húsavík á þessari öld. Síðastliðin tíu ár hefur íbúum á Húsavík fjölgað um 13,4%. Íbúum á Húsavík hefur fjölgað ár frá ári á því 10 ára tímabili sem skoðað er í þessari skýrslu ef frá er talið árið 2021 en þá fækkaði um 30 íbúa frá árinu 2020, úr 2355 í 2325. Á **Laugum** fjölgaði íbúum um níu og eru íbúar þar nú 114. Íbúar voru flestir 127 á Laugum árið 2015 en fæstir árið 2022 þegar þeir voru 104. Íbúum í **Reykjahlíð** fjölgaði um 30 á milli áranna 2023 og 2024 og voru 251 við upphaf árs 2024. Síðast bjuggu svo margir í Reykjahlíð á meðan og í kjölfar þess að Kröflueldar voru. Kröflueldar hófust 20. desember 1975 og lauk 18.

september 1984. Við upphaf eldanna bjuggu 168 íbúar á Reykjahlíð en við lok þeirra 282 og hafa aldrei búið fleiri í Reykjahlíð. Frá árinu 2006 til ársins 2018 voru íbúar í Reykjahlíð alltaf undir 200 en hefur frá árinu 2018 fjölgað þó fækkun hafi orðið á milli árunna 2018 og 2019, 2020 og 2021 og aftur á milli árunna 2022 og 2023. Fjölgunin á 10 ára tímabilinu frá 2015-2024 nemur 46,8%.

Börn og fólk á barneignaraldri

Okkur þótti áhugavert að skoða að þessu sinni fjölda og hlutfall barna, fólks og barneignaraldri og kvenna á barneignaraldri þar sem fæðingatiðni er meðal þess sem hefur áhrif á íbúapróun. Enn fremur þótti okkur áhugavert að skoða þessa hóp í hverju sveitarfélagi fyrir sig sem og að bera starfssvæði Þekkingarnetsins saman við landið allt.

Í **Langanesbyggð** voru börn flest árið 2010 187 talsins og fæst eru þau 103 nú árið 2024. Þegar börn voru flest í Langanesbyggð voru 223 íbúar á aldrinum 19-45 en höfðu flestir verið 267 árið 2005. Fæstir hafa íbúar á barneignaraldri verið 206 árin 2015, 2016 og árið 2024. Konur á barneignaraldri voru flestar árið 2005, 114 talsins en fæstar árið 2018 þegar þær voru aðeins 86.

Í **Norðurþingi** hefur börnum einnig fækkað á tímabilinu frá 2005-2024. Árið 2005 voru þau flest 886 talsins en fæst voru þau árið 2019, aðeins 597 börn eða næstum 300 færri en 2005. Fólk á barneignaraldri var fæst árið 2015, 884 íbúar, en flestir árið 2018, 1159 talsins. Konur á barneignaraldri eru því sem næst jafn margar árið 2005 og 2024, annars vegar 540 og hins vegar 544. Fæstar voru þær 434 árið 2015, en flestar árið 2024, 544 talsins.

Í **Tjörneshreppi** hefur börnum fækkað úr 12 árið 2005 niður í 2 árið 2013 og eru nú 4 árið 2024. Fólki á barneignaraldri hefur farið fækkandi. Flestir voru þeir 19 árið 2006 en fæstir árið 2020 þegar þeir voru sjö. Konur á barneignaraldri hafa fæstar verið tvær árið 2010 en flestar sjö árin 2005 og 2018.

Í **Þingeyjarsveit** hefur börnum fækkað úr 375 í 272 eða um rúmlega 100 frá 2005-2024. Fæst voru þau árið 2021 247. Fólk á barneignaraldri var flest árið 2024, 513 íbúar, en fæst árið 2013, 370 íbúar. Konur á barneignaraldri voru flestar árið 2024, 260 talsins en fæstar árið 2013, 177 konur.

Þegar **starfssvæði Þekkingarnetsins** og **landið allt** er borið saman má sjá að hlutfall fólks á barneignaraldri hefur verið á bilinu 15-18% af heildaríbúafjölda á meðan hlutfall fólks á

barneignaraldri á landinu öllu er á um það bil 18,0-19,5% á tímabilinu sem hér er til skoðunar. Þegar hlutfall barna er borið saman á starfssvæði Þekkingarnetsins og landinu öllu hefur hlutfall barna á starfssvæði Þekkingarnetsins verið mest 27,9% en minnst 19,3%. Á landinu öllu er hlutfall á bilinu 23,3%-28,2% yfir tímabilið frá 2005-2024. Ekki er hægt að alhæfa út frá niðurstöðunum en þó gefa gögnin vísbendingar um að hlutfall barna á starfssvæði Þekkingarnetsins haldist betur í hendur við hlutfall kvenna eingöngu en hlutfall íbúa allra á barneignaraldri.

HEIMILDIR

Hagstofa Íslands (2023). Mannfjöldi 1. janúar 2023. Sótt á www.hagstofa.is 25. mars 2024.

